

flóttir 26,508 kr. 40 a. 59
 en hjer við bætast vextir af fje þvi, er tilbráðabirgða hefir verið 26. maí.
 komið á leigu 544 — 83 —
 alls 27,053 — 53 —

Nefndir þær, er myndast höfðu í Noregi, hafa safnað þessum sam-
 skotum:

1. Nefndin í Kristjáníu, bæði frá Kristjáníu og flestum öðrum kaup-
 stöðum og sveitum í Noregi 10,630 kr. 40 a.
 2. Nefndin á Kristjánssandi (þar af safnað í 2
 kirkjum, Tvedt-prestakalls 470 kr.) 1081 — 92 —
 3. Nefndin í Mandal 123 — 12 —
 4. Nefndin í Grebstad-sveit 44 — 80 —
- samtals 11,880 — 12 —

Af samskotum þeim, er Kaupmannahafnarnefndin hafði staðið fyrir, hefir þegar í fyrra
 verið úthlutað 10000 kr. til að afstýra þá á svipinn hungursneyð í Múlasýslum. Því, sem
 eptir er, mun nefndin úthluta, þegar nákvæmari skýrslur eru komnar um skaðann og á-
 kveðnar tillögur um, hvernig verja skuli eptirstöðvunum. Einnig mun samskotunum frá
 Noregi, er send hafa verið landshöfðingja sumpart frá ráðgjafanum fyrir Ísland, sumpart
 beinlínis, og komið hefir verið til bráðabirgða á vexti í sparisjóðinn í Reykjavík, verða
 skipt, þegar slíkar skýringar og tillögur eru komnar frá hlutaðeigandi sýslunefndum.
 Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 26. maí 1876.

Hilmar Finsen.

Jon Jónsson.

— Brjef landshöfðingja til stiptysrvaldanna um bókagjöf. — Yfirdróttsetin
 (Overhofmarskallatet) hefir tjáð ráðgjafanum fyrir Ísland, að hans hátign konungurinn, allra-
 mildilegast hafi ákveðið, að gefa skuli stiptysbókasafninu í Reykjavík 38 bindi af bókum, er
 hið konunglega handbókasafn á í tvennu lagi.

Jafnframt því að tjá stiptysrvaldanum þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstaf-
 anar, skal þess getið, að bækur þessar munu hafa verið afhentar Kaupmannahafnardeild
 hins íslenska bókmenntafjelags, er lofað hefir að koma þeim hingað.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 61,
 skiptingu Torfastadahrepps. Með þóknanlegu brjefi herra amtmannsins frá 26. maí
 29. febr. þ. á. meðtók jeg bónarbrjef hreppsnefndarinnar í Torfastadahreppi um skiptingu
 þessa hrepps í 2 hluta, ytri og fremri Torfastadahrepp, þannig, að takmörk þessara hreppa
 verði að austanverðu Miðfjarðarár við Urriðaa, en að vestanverðu við Huppahlidará, að eptir-
 irleidis verði í ytri Torfastadahreppi 484,5 fasteignarhundruð samkvæmt hinnu nýju jarða-
 bók, er liggja undir 26 jörðum, með 36 búendum, en í fremri Torfastadahreppi 481,2
 fasteignarhundruð, undir 27 jörðum, með, sem stendur, 37 búendum, og að öllum eigu-
 um hreppsins og skuldbindingum þeim, er hvila á honum, verði skipt jafnt milli beggja
 hinna nýju hreppa, þó þannig, að báðir hrepparnir fyrst um sinn söeki manntalsþing sam-
 an í þinghús það, er nú er á Svartbæli, og að hrepparnir eigi sameiginlega afreitti og

61 fjallskil, og skipti jafnt milli sín tekjunum af óskilafje. Þessi beiðni, sem hefir verið sam-
26. maí. þykkt af hreppsnefndinni með 7 atkvæðum gegn 2, og með atkvæðafjölda hefir fengið með-
mæli sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, hafið þjer herra amtmaðurinn þareptir með með-
mælum yðar lagt undir úrskurð landshöfðingja, samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipun-
arinnar frá 4. maí 1872.

Samkvæmt þessu skal því úrskurðað svo sem nú segir:

1. Torfastaðahreppi í Húnavatnssýslu má skipta í 2 hreppa, er nefnist ytri og fremri Torfastaðahreppur; skulu takmörk þeirra vera að austanverðu Miðfjarðarár við Urriðaá en að vestanverðu við Hoppahlíðará.

2. Öllum eigum hins núverandi Torfastaðahrepps, öllum ómögum hans og öllum skuld-
bindingum, skal skipt jafnt á milli ytri og fremri Torfastaðahrepps, þó þannig, að þinghúsið á Svarðbæli fyrst um sinn verði sameiginleg eign hreppanna, báðum til afnota eptir nánara samkomulagi. Þegar fremri Torfastaðahreppur ætlar að byggja sjer sjálfur þinghús, skal ytri Torfastaðahreppur greiða honum helminginn af andvirði hins eldra þinghúss, og verður það þá eign ytri hreppsins eins; einnig skulu báðir hreppar hafa sameiginlegar afrettir og fjallskil, eins og hingað til hefir verið, og skulu þeir skipta jafnt með sjer tekjum fátækra-
sjóðsins af óskilafje.

3. Skiptingin skal fara fram, undir eins og amtmaður hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. grein tilsk. 4. maí 1872, og hreppsnefndir þessar þar eptir hafa verið kosnar.

4. Skipta skal jafnt milli fremri og ytri Torfastaðahrepps, öllum ómögum þeim, sem hafa, þá er skiptingin fer fram, áunnið sjer framfærslurjett í hñum núverandi Torfastaðahreppi, og eins skal fara með þá, sem ekki enn þurfa fátækrastryks, en eiga framfærslurjett í hreppnum, eins og hann nú er, eða sem, ef skiptingin hefði ekki farið fram, hefðu áunnið sjer slíkan framfærslurjett, t. a. m. með því, að hafa dvalið hinn lögboðna tíma í hreppnum, áður en honum var skipt, með því að dvelja nokkurn part hins lögboðna tíma í hreppnum óskiptum, og þar eptir samfleytt það sem eptir stendur í öðrum hvorum nýju hreppanna, eða loksins af því, að þeir eru fæddir í hreppnum áður en skiptingin fer fram. En það leiðir af sjálfu sjer, að þeir missa þenna rjett, ef þeir, áður en þeir verða þurfsandi sveitarstryks, hafa unnið sjer framfærslurjett, annaðhvort í öðrumhvorum nýju hreppanna eða annarsstaðar.

5. Gjöra skal út um skipting þessa og allt hvað snertir fjelagsskap hinna nýju hreppa á sameiginlegum fundi beggja hreppsnefnda.

Þetta er hjér með tjáð herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

62 — Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um ábyrgð fyrir elds-
10. júní. voða. — Eptir að ráðgjafinn fyrir Ísland hafði með meðmælum sínum sent dómsmála-
stjórninni erindi það, er jeg meðtók með brjefi yðar, herra bæjarfógeti, frá 3. desbr. f. á., þar sem bæjarstjórnin fer fram á, að hið almenna brunabótafjelag fyrir sveitarbygg-
ingar í Danmörku taki að sjer frá 1. oktbr. þ. á. ábyrgð á þeim þriðjungu andvirðis húsa í Reykjavík, sem bærinn sjálfur má ábyrgjast, samkvæmt tilsk. 14. febr. 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavík kaupstað, hefir aðalstjórn nefnds fjelags skýrt frá, að hún, eptir að málið hafi verið rætt í forstöðunefnd fjelagsins, álíti sig ekki hafa heimild til að láta fjelagið taka hina umræddu ábyrgð á sig.

Þetta er þjónustusamlega tjáð herra bæjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.